

Fundargerð

Þriðji fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss

haldinn í gegnum Teams og í Þingeyjarsveit þann 3. september 2021, kl. 10:30-12:00.

Fundarmenn:

Arna Hjörleifsdóttir, Umhverfisstofnun
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Hávar Sigtryggsson, Hriflu
Kristín Anna Ólafsdóttir, Ljósavatni
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

1. Samstarfshópur klárar að fara yfir 2. kafla og stefnumótun, 3. Kafla.
2. Ræða niðurstöður frá samráðsfundi með hestamönnum og taka ákvörðun um tillögur hestamanna.
3. Ræðum opinn kynningarfund.
4. Næstu skref – auglýsingaferli (6 vikur).

Fundarefni

1.
 - a) Umræður um sorp – sveitarfélag var með sorpílát á svæðinu en eftir að Umhverfisstofnun tók við umsjóninni var ákveðið að hafa ekki sorpílát og hefur það reynst vel þar sem sérfræðingur svæðisins og landverðir hafa ekki orðið var við aukið vandamál varðandi rusl. Samstarshópur sammála um að farið verður eftir stefnu Umhverfisstofnunar og stofnunarinn mun meta eftir því hvernig svæðið þróast hvort þörf verði á sorpílátum. Þar sem viðvera landvarða er regluleg eins og á Goðafossi þá er auðvelt að hafa góða yfirsýn yfir þessi mál og hægt að bregðast við ef hlutirnir breytast.
 - b) Umræður um ómönnuð og mönnuð loftför og hvort þörf sé á þeim takmörkunum sem koma fram í skilmálum. Samstarfshópur sammála um að hafa verndaráætlunina í samræmi við skilmála en skoða í framtíðinni þörfina á þeim takmörkunum sem settar eru fram í skilmálum.
 - c) Öryggismál – rætt um mikilvægi þess að fjalla betur um öryggislínur þar sem margar hverjar eru komnar á kaf í snjó á veturna og fólk hefur verið að fara út á brúnina sem getur verið mjög áhættusamt.
 - d) Ákveðið var að setja nýja sérreglu að stærri viðburðir eins og til dæmis kvikmyndatökur, sem krefjast mikils umstangs, verði leyfisskylt.
2. Samstarfshópur sammála um að farið verði að óskum hestamanna í samráði við Umhverfisstofnun, sveitarfélag og landeigendur. Stefnir skal að því að halda samráðsfund með fulltrúum hestamanna, sveitarfélags og landeigenda þegar að framkvæmdum kemur. Hestamenn verði upplýstir um þessa niðurstöðu.

Stjórnunar- og verndaráætlanir

3. Ákveðið var að eftir um 3 vikur í kynningarferli verði opinn fundur í Þingeyjarsveit þar sem öllum gefst kostur á að spyrja betur út í áætlunina.

4. Næstu skref:

1. Þórdís og Arna fínþússa áætlun og senda á samstarfshóp til yfirlestrar í eina viku.
2. Í kjölfarið verður áætlunin afgreidd innanhúss hjá Umhverfisstofnun í 6 vikna kynningarferli.

Fundi slitið 12:00